

# Ársskýrsla 2004

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenskra verzlunarmanna hins vegar dags. 14. maí 2000.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svári þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) Að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna
- b) Kostun námskeiðahalds
- c) Kostun námsefnisgerðar
- d) Styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna

Tekjur sjóðsins myndast á eftirfarandi hátt:

- Atvinnurekendur skulu almennt greiða sem svarar 0,15% af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV í sjóðinn.
- Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu gjaldi að uppfylltum nánari skilyrðum. Gjald til sjóðsins lækkar þá í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna VR/LÍV.
- Stéttarfélögin skulu greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins og skal uppgjör fara fram a.m.k. tvisvar sinnum á ári.
- Tekjur af rekstri námskeiða á vegum sjóðsins.

Í starfsreglum stjórnarinnar er fjallað um greiðslu styrkja til félagsmanna VR og LÍV, til fyrirtækja og stéttarféлага og nánari reglur um lækkun á iðgjaldi til sjóðsins.

Stjórn er heimilt að veita styrki til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og skóla s.s. vegna útgáfu námsefnis, kennslu, eða annars sem að mati stjórnar leiðir til aukinnar menntunar innan stéttarinnar.

Nokkur skilyrði eru sett fyrir lækkun á sjóðsgjaldinu fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið skal sýna fram á að virk endurmenntunarstefna sé í fyrirtækinu. Starfsmenn skulu eiga kost á að sækja þau námskeið sem í boði eru. Fyrirtækið skal bjóða starfsmönnum sínum bæði fagnámskeið og almenn námskeið. Fyrirtækið skal sýna fram á að kostnaður vegna menntastefnu sé meiri en sem nemur 0,15% af heildarlaunum starfsmanna. Stjórn sjóðsins metur hvort ofangreindum skilyrðum sé fullnægt og er það mat endanlegt. Staðfesti stjórn undanþágu frá 0,15% í 0,05% gjald gildir undanþágan til eins árs fyrsta árið og eftir það til tveggja ára í senn.

### **Stjórn sjóðsins**

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs í senn. Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins sátu í stjórninni Sigurður Jónsson, formaður (Samtök verslunar og þjónustu), Anna Rós Ívarsdóttir (Vátryggingafélag Íslands) og Gunnar Ingi Sigurðsson (Hagkaup). Varamenn voru Hannes G. Sigurðsson (Samtök atvinnulífsins) og Ingi Bogi Bogason (Samtök iðnaðarins). Fyrir hönd VR sátu í stjórn sjóðsins Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaformaður og Alda Sigurðardóttir, ritari, varamenn: Hafsteinn J. Hannesson (VR) sem sat fyrir Öldu í stjórn en hún var í barneignarfrí til 13. maí 2004 og Rannveig Sigurðardóttir (VR). Fyrir hönd LÍV sat Júnía Þorkelsdóttir (VR) og var Guðrún Erlingsdóttir (Verslunarmannafélagi Vestmannaeyja) varamaður hennar.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og voru fyrstu tvö árin þ.e. frá 2000-2002 á vegum VR og árin 2003-2004 í höndum fulltrúa SA.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Gísli Guðmundsson frá Deloitte.

### **Störf stjórnar á tímabilinu**

Tíu stjórnarfundir voru haldnir á árinu og þar með stefnumótunarfundur, sem haldinn var 10. júní.

Tvö ný fyrirtæki fengu lækkun frá iðgjaldi sjóðsins úr 0,15% í 0,05%. Vöruhótelid hf. þ. 13. janúar 2004 og Esso – Olúfélagið frá 11. október 2004 og gildir til eins árs.

Íslandsbanki endurnýjaði undanþágu sína til næstu tveggja ára á árinu 2004.

Eftirfarandi styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnana voru veittir árið 2004:

|                             |                |
|-----------------------------|----------------|
| SVP                         | kr. 1.961.020  |
| SAF                         | kr. 625.000    |
| Mímir-símenntun             | kr. 425.000    |
| Mímir-símenntun             | kr. 650.000    |
| Verzlunarskóli Íslands      | kr. 10.332.000 |
| Vmf. Húsavíkur og Securitas | kr. 150.000    |
| Esso                        | kr. 360.000    |
| Fiskiðjan Skagfirðingur     | kr. 93.184     |